

AUGLÝSING

um notkun heimildar viðaukalaga nr. 126 1947 við lög nr. 50 7. maí 1946,
um almannatryggingar.

8

14. jan.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, að notaðar verði heimildir þær, sem henni eru veittar í lögum nr. 126 1947, um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, með þeim frávikum, að iðgjöld þau, samkv. 107. gr. og 112. gr., og framlög sveitarfélaga samkv. 114. gr. almannatryggingalaganna, sem um ræðir í 6. tölu-lið 1. gr. viðaukalaganna, skuli á árinu 1948 innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 310 vísitölustig.

Tryggingastofnun ríkisins hefur verið tilkynnt þessi ákvörðun og henni falið að sjá um framkvæmd viðaukalaganna, að því leyti sem við getur átt.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gtsli Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Frjálslynda safn- 9
aðarins í Reykjavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. jan.
16. janúar 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir gjöf Frjálslynda safnaðarins í Reykjavík til
Barnaspítalasjóðs Hringsins í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Frjálslynda safnaðarins í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af gjafafé frá Frjálslynda söfnuðinum í Reykjavík, að upphæð 73298.52 — sjötíu og þrjú þúsund tvö hundruð níutíu og átta krónur 52/100 — samkvæmt ályktun safnaðarfundar hinn 13. október 1946, er safnaðarslit voru ákveðin.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af eignum hans, eins og hann er á hverjum tíma.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, formaður sjóðstjórnar verði núverandi 2. prestur dómkirkjunnar í Reykjavík, séra Jón Auðuns, og að honum látnum taki ávallt sæti hans í stjórninni dómkirkjupresturinn í Reykjavík. Meðstjórnendur skulu vera formaður Kvenfélagsins Hringsins í Reykjavík og yfirhjúkrunarkona væntanlegs barnaspítala Hringsins í Reykjavík. Ef einhver þessara aðila skorast undan að taka sæti í sjóðstjórninni, skal borgardómarinn í Reykjavík tilnefna mann eða menn í staðinn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að annast vörzlu og ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma.